

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Bt – Sigurbjörg Sæmundsdóttir
Skuggasundi 1
101 Reykjavík



Reykjavík, 21. júní 2019

Efni: Umsögn um breytingar á reglugerðum varðandi baðstaði í náttúrunni

Samtök ferðaþjónustunnar (Samtökin) hafa kynnt sér drög að breytingu á reglugerðum um baðstaði í náttúrunni og um hollustuhætti á sund- og baðstöðum sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda 7. júní síðastliðinn. Vilja samtökin með erindi þessu koma á framfæri eftirfarandi ábendingum.

Samtökin fagna þeim breytingum sem lagðar eru til en benda samhliða á mikilvægi þess að leyfisveitendur og eftirlitsaðilar samræmi verkferla þannig að ekki þurfi að leika vafi á að starfsemi afþreyingalauga sem eru með klórblandaðar setlaugar, iðulaugar og/eða baðstofur falli undir heimild til sölu áfengis í samræmi við boðaðar breytingar umræddra reglugerða. Það er skýlaus krafa samtakanna að afþreyingalaugar með leyfi skv. reglugerð 814/2010 verði lagðar að jöfnu við baðstaði í náttúrunni með leyfi skv. reglugerð 460/2015 hvað varðar framboð á þjónustu og annað samkeppnisumhverfi.

Samtökin benda á að afmörkun afþreyingalauga frá laugum til íþróttaiðkunar og heilsuræktar er með þeim hætti að afþreyingalaugar bjóða að mestu upp á böð í setlaugum, iðulaugum og/eða baðstofum.

Samtökin leggja til að eftirfarandi skilgreiningu verði bætt við 2. grein reglugerðar 814/2010:

„Baðstaður til afþreyingar – Starfsemi sem býður upp á böð í setlaugum, iðulaugum og/eða baðstofum.“

Þá leggja samtökin til að eftirfarandi ákvæði verði bætt við reglugerð 814/2010:

x. gr.

„Á baðstað til afþreyingar er heimilt að veita áfengi í takmörkuðu magni innan baðsvæðis, í umbúðum eða glösum sem eru margnota eða úr efnum sem eru endurvinnanleg eða brotna auðveldlega niður í náttúrunni án mengunar eða hættu fyrir menn. Þegar áfengi er veitt á baðstað til afþreyingar skal gæta sérstakrar varúðar og fjalla um öryggi baðgesta, hámark áfengiseininga á hvern einstakling og umfang laugargæslu vegna þess í öryggisreglum. Sérstaklega skal fjallað um veitingu áfengis í starfsleyfi, m.a. vegna öryggismála og ef gerð er strangari krafa um laugargæslu.“

Reglugerðardrögin gera ráð fyrir í 2. gr breytingareglugerðar á reglugerð nr. 460/2015, að á eftir 2. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein sem mæli fyrir um að heimilt sé að veita áfengi í takmörkuðu magni, í margnota umbúðum eða margnota glösum, á baðstað.

Samtökin benda á að heppilegra geti verið og án efa umhverfisvænna að gera einnig ráð fyrir því að veita megi drykki í glösum eða umbúðum sem endurvinnanleg eru eða brotna auðveldlega niður í náttúrunni án hættu eða skaða fyrir umhverfi og menn. Ljóst er að illmögulegt er að verða við kröfu um að veita drykki í umbúðum eða glösum úr gleri eða öðrum efnum sem hætta er á að brotni og/eða sökkvi til botns á baðstöðunum. Þá má gera ráð fyrir að við þvott á margnota umbúðum falli til hreinsiefni í því magni að þau markmið með umhverfis- og náttúruvernd sem að er stefnt með notkun margnota umbúða eða glasa, náist síður eða jafnvel ekki. Samtökin þekkja til þess að rekstraraðilar baðstaða í náttúrunni skoða nú umhverfisvænar lausnir í formi endurunns pappa, bambus eða sterkju, sem kynnu mögulega að vera heppilegri en margnota umbúðir eða glös þegar horft er til umhverfisáhrifa þeirra í heild.

SAF leggja til að fyrsti málsliður 2. greinar reglugerðardröga um breytingar á reglugerð 460/2015 orðist eftirfarandi:

„Heimilt er að veita áfengi í takmörkuðu magni á baðstað, í umbúðum eða glösum sem eru margnota eða úr efnum sem eru endurvinnanleg eða brotna auðveldlega niður í náttúrunni án mengunar eða hættu fyrir menn.“

Fyrirgreint viðbótarákvæði í reglugerð 814/2010 inniheldur sömu tillögur um umbúðir úr endurvinnanlegum efnum.

Að lokum benda samtökin á að afar mikilvægt er að í boðaðri reglugerð verði gert ráð fyrir að rekstraraðilum verði veitt 12-18 mánaða aðlögun til að verða sér úti um þær umbúðir sem krafa verður gerð um.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum.

Virðingarfyllt
f.h. Samtaka ferðapjónustunnar



Gunnar Valur Sveinsson